

Breyting á stofnanasamningi milli Félagsráðgjafafélags Íslands og Landspítala

Breyting á stofnanasamningi aðila dags. 10.04.2017

Frá og með 1. janúar 2018 breytist grein 3 í stofnanasamningi um starf flokkun og röðun á þá leið að Félagsráðgjafi B raðast í launaflokk 9.

Reykjavík, 5. febrúar 2018

F.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

María Arnardóttir
Þorbjörg Árnadóttir
Kristín Þránsdóttir

F.h. Landspítala

Aldis Magnúsdóttir
Bragheiður Múller
Bergþór H. Jónsson

Fundargerð samstarfsnefndar Félagsráðgjafafélag Íslands og LSH 05.02.2018, kl. 11:00

Mættir frá LSH: Aldís Magnúsdóttir, Berglind Möller og Bergþór Haukdal Jónasson
Mættir frá FÍ: Kristín Einarsdóttir, María Rúnarsdóttir og Þorbjörg Árnadóttir
Fundarritari: Aldís Magnúsdóttir

Fundarefni:

1. Breyting á stofnanasamningi
 2. Endurskoðun á starfaflokkun, starfaskilgreiningum og röðun
-

1. Breyting á stofnanasamningi

Breyting gerð á stofnanasamningi samhliða undirritun kjarasamnings Félagsráðgjafafélags Íslands og ríkisins, útfærsla á bókun 5.

Breytingin á stofnanasamningi er á þá leið að frá og með 1. janúar 2018 breytist grein 3 í stofnanasamningi:

Félagsráðgjafi B fari úr launaflokki 8 í launaflokk 9.

Breyting á stofnanasamningi er undirrituð, sjá meðfylgjandi, með þeim fyrirvara að félagsmenn FÍ samþykki nýundirritaðan kjarasamning. Áætlað er að niðurstaða atkvæðagreiðslu liggi fyrir 19. Febrúar 2018.

Fjármagn vegna kostnaðarauka sem fylgir þessum breytingum á stofnanasamningi kemur af sérstökum safnlið Félagsráðgjafafélags Íslands sbr. kjarasamning FÍ við fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs, undirritaður dags. 2. febrúar 2018. Skv. úttekt og útreikningum Landspítala dags. 31. janúar 2018 er áætlaður kostnaður þessara breytinga upb. 2,7 milljónir á ársgrundvelli með launatengdum gjöldum.

2. Endurskoðun á starfaflokkun, starfaskilgreiningum og röðun

Aðilar eru sammála um þörf á endurskoðun á starfaflokkun, starfaskilgreiningum og röðun félagsráðgjafa, 3. grein stofnanasamnings. Ákveðið er að ráðast í þessa vinnu og stefnt er að því að niðurstaða Landspítala liggi fyrir þann 15. maí 2018.

Þorbjörg Árnadóttir
Þorbjörg Árnadóttir
Kristín Einarsdóttir

Aldís Magnúsdóttir
Bergþór H. Jónasson
Berglind Möller